

Kirkjuþing 2020-2021.

24. mál - þskj. 24.

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni og Ólöfu Margréti Snorradóttur.

Frsm. Ólöf Margrét Snorradóttir.

1. gr.

Á eftir orðinu „leggja“ í 2. másl 2. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur: starfandi.

2. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 15. gr. starfsreglnanna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Sóknanefnd skal boða sóknarprest og/eða starfandi prest eða presta á aðalsafnaðarfund sóknarinnar með minnst viku fyrirvara.

3. gr.

Við 25. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef sóknanefnd brýtur gegn lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, starfsreglum um sóknanefndir, og/eða öðrum lögum, sem snerta störf sóknanefnda, sbr. 1. mgr. 4. gr. starfsreglna um sóknanefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum, má prófastur í samráði við biskup Íslands víkja þeim frá störfum og boða til nýs aðalsafnaðarfundar og kosningar nýrrar sóknanefndar.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 55., og 57. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Vísað er til umfjöllunar um breytingartillögurnar hér að neðan.

Um 1. gr.

Tillaga þessi felur í sér að skerpa þurfi orðalag þessarar greinar. Í stað þess að talað sé um presta þá skuli talað um starfandi presta vegna þeirrar staðreyndar að prestar sem látið hafa af störfum sökum aldurs eða af annarri ástæðu, megi áfram framkvæma ýmis embættisverk presta. Af þeim sökum teljast þeir enn til presta þó að þeir heyri ekki undir

einhverja ákveðna sókn. Þessi breyting að skerpa á orðalaginu, eins og vísað hefur verið til, gerir það að verkum að sóknarnefndir geti ekki lagt prestum til skrifstofuaðstöðu sem ekki heyra undir þá tilteknu sókn heldur einungis sóknarprest prestakallsins eða aðra starfandi presta þess.

Eftir að breytingu á einu orði í málsgreininni yrði 2. mgr. 8. gr svohljóðandi:

Sóknarnefnd er hvorki heimilt að greiða laun vegna prestverka né styrkja það sem fellur undir embættiskostnað presta og prófasta, sbr. starfsreglur um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999, með síðari breytingum. Þó er sóknarnefnd heimilt að leggja **starfandi** prestum til skrifstofuaðstöðu ef sóknin hefur bolmagn til þess án þess að það bitni á safnaðarstarfinu.

Um 2. gr.

Þessi tillaga er mikilvæg viðbót við 15. gr. starfsreglna um sóknarnefndir. Í grundvallaratriðum felur hún í sér skyldu sóknarnefndir til að boða sóknarprest og/eða starfandi prest eða presta á aðalsafnaðarfund sókna með minnst viku fyrirvara. Tillagan felur ekki í sér að sóknarpresti eða starfandi prestum sé skylt að sitja aðalsafnaðarfund, enda getur sóknarprestur eða starfandi prestar af ýmsum ástæðum ekki setið alla aðalsafnaðarfundir þeirra sókna sem þeir þjóna, t.d. vegna stærðar prestakallsins en þetta viðbótarákvæði við 15. gr. gerir það að verkum að þeir fái boð á aðalsafnaðarfund sóknar. Þar með er ekki hætt á að sóknarprestur eða starfandi prestar missi þá yfirsýn sem þeir þurfa að hafa yfir starfið í sókninni vegna þess að þeir fengu ekki boð á aðalsafnaðarfund.

Eftir breytinguna hljóðar 1. mgr. 15. gr. svo:

Sóknarnefnd boðar til aðalsafnaðarfundar með minnst viku fyrirvara og skal greina frá dagskrá fundarins í fundarboði. **Sóknarnefnd skal boða sóknarprest og/eða starfandi prest eða presta á aðalsafnaðarfund sóknarinnar með minnst viku fyrirvara.** Fundinn skal auglýsa með þeim hætti sem venja er til um messuboð.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 4. gr starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum, segir: „Sóknarnefnd starfar á grundvelli þjóðkirkjulaga, starfsreglna og samþykktu kirkjuþings“ en þó er hvergi tekið fram í starfsreglunum eða í þjóðkirkjulögum hvað skuli gera ef sóknarnefnd brýtur gegn þessum lögum, starfsreglum og samþykktum. Eins og staðan er núna gæti sóknarnefnd komist upp með að brjóta lög og reglur þjóðkirkjunnar án þess að nokkur yfirstjórn innan hennar gæti gert neitt. Þetta viðbótarákvæði við 25. gr mundi gera það að verkum að prófastur mætti í samráði við biskup Íslands víkja sóknarnefnd frá störfum, gerist hún brotleg um þau lög og þær reglur sem hún grundvallast á og gæti þar af leiðandi boðað til aðalsafnaðarfundar og kosningar á nýrri sóknarnefnd.

Með þessu viðbótarákvæði yrði 25. gr svohljóðandi:

Ef upp kemur ágreiningur um störf starfsmanna innan sóknar, sem ekki tekst að leysa þar á vettvangi, skal vísa málinu til prófasts.

Ef sóknarnefnd brýtur gegn lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, starfsreglum um sóknarnefndir, og/eða öðrum lögum, sem snerta störf sóknarnefnda, sbr. 1. mgr. 4. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011, með síðari breytingum, má prófastur í samráði við biskup Íslands víkja þeim frá störfum og boða til nýs aðalsafnaðarfundar og kosningar nýrrar sóknarnefndar.

Um 4. gr.

Lagt er til að starfsreglurnar öðlist gildi við birtingu.